

Garðabær  
Arinbjörn Vilhjálmsson  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 10. september 2021  
UST202107-154/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Víðiholt, íbúðabyggð og hesthúsahverfi í Breiðumýri á Álftanesi – Garðabær.**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 15. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Víðiholt, íbúðabyggð og deiliskipulagi fyrir hesthúsahverfi í Breiðumýri en svæðin eru á Álftanesi í Garðabæ.

Í erindinu kemur fram að tillagan í Víðiholti gerir ráð fyrir íbúðabyggð á tveimur til þremur hæðum, alls 84 íbúðir í fjölbýli og raðhúsum. Auk þess kemur fram að tillaga hesthúsahverfisins gerir ráð fyrir hesthúsabyggð, félagsheimili, reiðskemmu og reiðstígum.

#### **Fráveita**

Í greinargerð kemur fram að skólpdælustöð á miðsvæðinu, sunnan íbúðabyggðarinnar við Skólatún muni víkja og skólpi frá allri byggð innan skipulagssvæðisins verður veitt inn í fráveitukerfi bæjarins sem liggur um núverandi þrýstilagnakerfi til sjávar um úthlaup norðan við eiðið út í Hrakhólma.

Umhverfisstofnun bendir á að fráveitan sveitarfélagsins verði í samræmi við lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og kröfur um hreinsun skólps verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun telur óljóst hvort núverandi skólphreinsun uppfylli kröfur reglugerðar og hvort núverandi fráveitukerfi anni þeirri aukningu sem fyrirhuguð er og því mikilvægt að fjallað sé um þessi atriði í greinargerð.

Kröfur um hreinsun á skólpi frá þéttbýli, sem losar minna en 10.000 þe. í sjó, er viðunandi hreinsun. Í viðunandi hreinsun felst skv. 14. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólp að hreinsa skal skólp með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.- V. viðauka.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hver staða fráveitumála sé á svæðinu þ.e. umfang fráveitu og eðli hreinsivirkja og hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og tímaáætlun.

Eins og kemur fram í greinargerð vinnur Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, að undirbúningi friðlýsingar Skerjafjarðar við Álftanes sem friðlands, í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd<sup>1</sup> og náttúruverndaráætlun 2004 – 2008. Þar sem að útrás fráveitulagnarinnar er norðan við eiðið út í Hrakhólma, bendir stofnunin á að í skólpi eru ekki einungis lífræn efni og saurbakteríur, sem sjórinn eyðir og/eða dreifir, heldur getur einnig verið í skólpi úrgangur, örplast, hættuleg efni og lyfjaleifar sem geta haft neikvæð áhrif á lífríkið og því er mikilvægt að gripið verði til viðeigandi ráðstafana, ef þörf krefur, til þess að fráveita ógni ekki lífríki og verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/skerjafjordur-vid-alftaner/>